

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á frjóeggjum og eggjarauðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn toll:

Tollskrárnr.:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Frjóegg til útungunnar:</b>					
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.15.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.07.15.-30.06.16	ótilgr.	0	0
	-- Önnur				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í $\geq 5$ kg umbúðum	01.07.15.-30.06.16	ótilgr.	0	39

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2016.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. maí 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Baldur Arnar Sigmundsson.*